

Tillaga til þingsályktunar

um lækkun tryggingagjalds vegna 60 ára og eldri.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Valgerður Bjarnadóttir, Kristján L. Möller.

Alþingi ályktar að fela fjármála- og efnahagsráðherra að setja á laggir starfshóp sem kanni kosti þess að beita aldurstengdum lækkunum á tryggingagjaldi sem efnahagslegum hvata til að ýta undir aukna þátttöku aldurshópsins 60 ára og eldri á vinnumarkaði.

Í starfshópnum sitji fulltrúar fjármála- og efnahagsráðherra, aðila vinnumarkaðarins og Landssambands eldri borgara. Starfshópurinn skili ráðherra niðurstöðu fyrir 1. október nk.

Greinargerð.

Bætt heilbrigðiskerfi og aukin áhersla á heilbrigðan lífsstíl hefur góðu heilli lengt meðalævi Íslendinga og gert þá að einni langlífustu þjóð veraldar. Æ fleiri búa yfir ríkri starfsgetu löngu eftir að þeir fylla flokk 60 ára og eldri. Kannanir sýna að margir í þeim hópi vilja halda áfram þátttöku á vinnumarkaði meðan starfsgeta leyfir, ýmist í fullu starfi eða í hlutastörfum. Ástæðurnar eru margvíslegar, svo sem bætt lífsgæði, aukin félagsleg tengsl og sú lífshamingja sem fylgir heilladrjúgri þátttöku í atvinnulífinu. Aðrir þurfa á tekjum að halda til að ná endum saman.

Einstaklingar sem tilheyra aldurshópnum 60 ára og eldri búa yfirleitt yfir dýrmætri starfsreynslu, fjölbreyttri þekkingu og lífsreynslu sem gerir þá ákjósanlega í margvísleg hlutverk á vinnumarkaði. Atvinnuþátttaka þeirra er líkleg til að gera aldurshópin minna háðan hinu opinbera um framfærslu en ella, og því líkleg til að spara ríkinu fé. Á tímum slaka í hagkerfinu og skorts á atvinnu verða 60 ára og eldri, ekki síst konur, verst úti á vinnumarkaði. Aldurstengdar ívilnanir um tryggingagjald mundu því styrkja stöðu hópsins og stuðla að auknu jafnrétti milli aldurshópa og kynja. Þegar stríkkar á hagkerfinu og eftirspurn eykst gæti aukin atvinnuþátttaka 60 ára og eldri mætt vaxandi þörf fyrir vinnuafli og dregið úr spennu á vinnumarkaði. Samfélagið hefur því margvíslegan ávinning af því að ýta undir aukna þátttöku 60 ára og eldri á vinnumarkaði. Landlægir og gamalgrónir aldursfordómar valda því hins vegar að síst er horft til 60 ára og eldri þegar fyrirtæki ráða í laus störf.

Ein leið til að styrkja stöðu 60 ára og eldri og ná fram samfélagslegum ávinningi, sem felst í aukinni þátttöku hópsins á vinnumarkaði, er að nýta efnahagslega hvata til að stuðla að því að fyrirtæki beini sjónum sínum að honum þegar vinnuafli er þörf. Því markmiði mætti ná með því að aldurstengja launatengd gjöld þannig að kostnaður atvinnurekenda væri minni vegna 60 ára og eldri en annarra á vinnumarkaði.

Tryggingagjald er sérstakt gjald sem launagreiðendum ber að greiða af heildarlaunum starfsmanna á hverju tekjuári og í tilviki einyrkja af reiknuðu endurgjaldi. Það er innheimt samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og lagt á samkvæmt lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003. Það skiptist í almennt tryggingagjald, 6,04%, og atvinnutryggingagjald, 1,35%. Að viðbættu markaðsgjaldi og gjaldi í Ábyrgðasjóð launa, sem hvort um

sig nemur 0,05%, er tryggingagjald samkvæmt orðsendingu ríkisskattstjóra nr. 1/2015 samtals 7,49%. Er þá tekið tillit til þeirrar 0,1% lækkunar gjaldsins sem núverandi ríkisstjórn ákvað.

Gjaldinu er m.a. ætlað að standa straum af kostnaði vegna atvinnuleysis. Í 2. gr. laga um tryggingagjald, nr. 113/1990, segir að árlega skuli Atvinnuleysistryggingasjóður gefa ráðherra skýrslu um fjárhagslega stöðu sjóðsins, m.a. um fyrirjáanleg útgjöld á næsta fjárhagsári með hliðsjón af spá um atvinnuleysi. Gefi skýrslan tilefni til að breyta hundraðshluta atvinnutryggingagjalds mæla lögin svo fyrir að ráðherra sé skylt að flytja frumvarp þar að lútandi á Alþingi.

Í kjölfar bankahrunsins var spáð að atvinnuleysi mundi aukast í 14%. Aðgerðir þáverandi ríkisstjórnar tryggðu þó að atvinnuleysi náði aldrei 10%. Á ársgrundvelli varð það hæst 8% árið 2009. Við fall bankanna reyndist óhjákvæmilegt að hækka tryggingagjaldið á grundvelli fyrrnefnds lagaákvæðis til að mæta kostnaði vegna fyrirvaralausrar aukningar á atvinnuleysi. Hækkunin nam 3,014%. Stöðugt hefur dregið úr atvinnuleysi síðan og samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofunnar verður það 3,2% árið 2016.

Í ljósi fyrrmæla 2. gr. laga nr. 113/1990 telja því flutningsmenn óhjákvæmilegt að stjórnvöld ráðist á næstu árum í lækkun tryggingagjaldsins. Minnt er á að Viðskiptaráð telur að minnkun atvinnuleysis skapi nú þegar svigrúm til rúmlega 2% lækkunar gjaldsins. Með hliðsjón af því telja flutningsmenn mikilvægt að skoða þann valkost að aldurstengja lækkanir á tryggingagjaldi í því augnamiði að styrkja stöðu 60 ára og eldri á vinnumarkaði. Lagt er til að hópi sérfræðinga sem fjármála- og efnahagsráðherra tilnefnir, ásamt fulltrúum Landssambands eldri borgara og aðila vinnumarkaðarins, verði falið að gera slíka skoðun. Flutningsmenn gera ráð fyrir að í henni felist m.a. gróft mat á kostnaði við ýmsar mögulegar sviðsmyndir, sem m.a. koma fram í fyrirspurn 1. flutningsmanns á þingskjali 1042 í 599. máli á yfirstandandi löggjafarþingi.

Þegar efnahagslegum hvötum eða ívilnunum er beitt vakna gjarnan spurningar um jafnræði. Flutningsmenn telja, að þar sem aldurstengdar lækkanir á tryggingagjaldi mundu standa til boða öllum fyrirtækjum, og gagnast öllum nái þeir tilteknum aldri, beri að líta á slíka leið sem almenna aðgerð. Í henni fælist því ekki brot á jafnræðisreglu.

Í fyrrnefndri fyrirspurn var óskað upplýsinga um hversu stór hluti tryggingagjaldsgreiðslna væri greiddur vegna fólks sem er 60 ára og eldra, 65 ára og eldra, 67 ára og eldra og loks 70 ára og eldra. Kjarninn í svari fjármála- og efnahagsráðherra var eftirfarandi:

„Fyrir 60 ára og yfir er fjöldinn 26.053, þ.e. 13,01% fjöldans. Tryggingagjaldið er 8.548.138.356 kr. sem er 13,05% af hlutfalli gjaldsins.

Fyrir 65 ára og yfir er fjöldinn 12.130, þ.e. 6,06%. Tryggingagjald er 3.144.305.444 kr. sem er 4,8% tryggingagjaldsins.

Fyrir 67 og yfir er fjöldinn kominn niður í 7.763, þ.e. 3,88%. Tryggingagjaldið er 1.661.946.605 kr., þ.e. 2,54%.

Fyrir 70 og yfir er fjöldinn 3.606, þ.e. 1,8% fjöldans. Tryggingagjaldið er 516.456.797 kr., þ.e. 0,79% tryggingagjalds.“

Með hliðsjón af svarinu, og því svigrúmi sem er til staðar til lækkunar á tryggingagjaldi, virðist ekki hægt að álykta að kostnaðurinn vegna aldurstengdra ívilnana geri leiðina ófæra fyrir ríkissjóð.